



Vernd stjórnarskrárinnar á friðhelgi einkalífs og meðferð persónuupplýsinga

**Ráðstefna um nýjar ógnir við friðhelgi
einkalífs og meðferð persónuupplýsinga**

19. október 2012

Björg Thorarensen, prófessor lagadeild HÍ



71. gr. stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944

Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.

- Náin tengsl 71. gr. við 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu eftir 1995.



Persónuupplýsingar sem þáttur í einkalífi

- Í friðhelgi einkalífs felst réttur hvers manns til að ráða yfir lífi sínu og líkama og njóta friðar um lífshætti sína, einkahagi, auðkenni og samskipti við aðra.
- Eftir því sem upplýsingar standa nær persónu njóta þær ríkari verndar sem viðkvæmar upplýsingar.
 - Dæ: Trúar- eða stjórnmalaskoðanir, kynþáttur og uppruni, heilsuhagir, lyfjanotkun og kynhegðun.
- Margvíslegt form persónuupplýsinga
 - Dæ: Kennitala, ljósmynd, tölvupóstfang, IP-tala á einkatölvu, bankaupplýsingar, upplýsingar í sjúkraskrá, lífkenni einstaklings og önnur persónuleg auðkenni.



Persónuupplýsingar sem þáttur í einkalífi

- Markmið persónuverndar að vernda þennan þátt í friðhelgi einkalífs skv. 71. gr. stjórnarskrárinnar.
- Um gildissvið 71. gr. gagnvart persónuupplýsingum var m.a. fjallað í dómi Hæstaréttar frá 25.2.1999 (nr. 252/1998)
 - Refsimál vegna upplýsinga í ævisögu geðlæknis um sjúkling hans.
 - „Vernd persónuupplýsinga, og þá ekki síst heilsufarslegra, er nauðsynleg til þess að menn fái notið þeirra réttinda, sem varin eru með ákvæðum 71. gr. stjórnarskrárinnar.”



Hvernig er persónuvernd best tryggð?

- Upprunalega markmið að vernda einstaklinga fyrir geðpóttákvörðunum handhafa ríkisvalds.
- Í dag stafa ógnir enn frekar frá einstaklingum og fyrirtækjum, einnig utan íslenskrar lögsögu.
 - Dæ: Skráning og notkun margvíslegra upplýsinga um einkalíf manna m.a. á netinu, vistun í gagnagrunnum, samkeyrsla upplýsinga úr ýmsum áttum og rafrænt eftirlit.
- Skylda löggjafans til að gera sérstakar ráðstafanir til verndar, í löggjöf og með virku eftirliti.
 - Reglur um söfnun, vinnslu og notkun persónuupplýsinga og skýr skilyrði um tilgang og takmörk slíkrar vinnslu
 - Réttur hins skráða til upplýsinga og fræðsluskylda þeirra sem vinna með persónuupplýsingar.



Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000

- Byggjast á samevrópskum reglum um efnið.
 - Samningur Evrópuráðsins frá 28. janúar 1981 um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónu-upplýsinga.
 - Tilskipun ESB 95/46/EB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga
- Sjálfstæðri stofnun, Persónuvernd, falið eftirlit.
- Markmið: Að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga (1. gr.)
- Skilgreiningar lykilhugtaka, t.d. *vinnsla*, *skrá*, *hinn skráði*, *ábyrgðaraðili*, *vinnsluaðili* og *samþykki*. (2. gr.)



Heimildir til takmörkunar á friðhelgi einkalífs 2. og 3. mgr. 71. gr. stjórnarskrár

- Þrátt fyrir meginregluna er víst að söfnun og vinnsla persónuupplýsinga er viðurkennd í margvíslegu tilliti.
- Stjórnarskráin heimilar takmarkanir að uppfylltum ströngum skilyrðum, sbr. einkum 3. mgr. 71. gr.
 - „Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.“
 - 1) Sérstök lagaheimild
 - 2) Réttindi annarra
 - 3) Brýn nauðsyn á takmörkun
- Stuðst við svipuð skilyrði og í 2. mgr. 8. gr. MSE



Lagaheimild sem skilyrði takmörkunar

- Takmörkun með sérstakri lagaheimild
 - *Sett lög frá Alþingi en ekki stjórnvaldsfyrirmæli*
 - Markmið að sporna við geðþóttaákvörðunum.
- Dómur Hæstaréttar 27.11. 2003 (nr. 151/2003)

„Í einstaka ákvæðum laga nr. 139/1998 er ítrekað skírskotað til þess að heilsufarsupplýsingar í gagnagrunni á heilbrigðissviði eigi að verða ópersónugreinanlegar. Eins og fyrrnefndum reglum um þau atriði, sem um ræðir í 7. gr. og 10. gr. laganna, er háttað skortir á hinn bóginn mjög á að tryggt sé nægilega með ákvæðum settra laga að þessu yfirlýsta markmiði verði náð. Vegna þeirra skyldna, sem 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar leggur samkvæmt áðursögðu á löggjafann til að tryggja friðhelgi einkalífs, getur ekki komið hér í staðinn ýmiss konar eftirlit með gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði, sem lagt er í hendur opinberra stofnana og nefnda án þess að þær hafi við ákveðnar og lögmæltar viðmiðanir að styðjast í störfum sínum. Nægir heldur ekki í þessu skyni að leggja í hendur ráðherra að setja skilmála í rekstrarleyfi eða fela öðrum handhöfum opinbers valds að setja eða samþykkja um þessi efni verklagsreglur.“



Skilyrði um markmið og nauðsyn

- „Réttindi annarra“ þurfa að réttlæta takmörkun, hér undir falla líka almannahagsmunir.
- „Brýn nauðsyn“ og meðalhóf.
 - Hagsmunamat; Er vinnsla upplýsinga í þágu almennings mikilvægari heldur einstaklingsréttindi af leynd um persónuupplýsingar hans.
 - Krafa um að vægustu aðgerðum sé beitt til að ná markmiði með vinnslu upplýsinga (meðalhófsreglan)
 - Er hægt að ná tilgangi með vinnslu upplýsinga úr sjúkraskrá með ópersónugreinanlegum upplýsingum?
 - Raunhæf dæmi: Gerð gagnagrunns á heilbrigðissviði og svokallað „brjóstapúðamál“.



Breytingar á Evrópureglum í undirbúningi

- Viðbrögð við tæknibyltingu sem orðið hefur á þessu sviði í upplýsingasamfélagi nútímans.
 - Ný reglugerð og tilskipun ESB í undirbúningi.
 - Markmið einkum að ná til vinnslu persónuupplýsinga á netinu.
 - Samræmd framkvæmd reglna milli ríkja.
 - Rýmri reglur um lögsögu eftirlitsstofnana.
 - Fleiri úrræði vegna brota, t.d. sektarheimildir.
- Aukin áhersla í Evrópusamvinnu á mikilvægi persónuverndar sem grundvallarmannréttinda.



Nýtt ákvæði um persónuvernd í sáttmála ESB um grundvallarréttindi

8. gr.

1. Sérhver maður á rétt til verndar eigin persónu-
upplýsinga.
2. Vinna skal úr slíkum upplýsingum með sanngjörnum
hætti, í yfirlýstum tilgangi og með samþykki
hlutaðeigandi eða á einhverjum öðrum réttmætum
grundvelli sem mælt er fyrir um í lögum. Sérhver maður
á rétt til aðgangs að upplýsingum sem safnað hefur
verið um hann og rétt á að fá þær leiðréttar.
3. Óháð stofnun skal hafa eftirlit með því að þessum
reglum sé fylgt.



Breytingar á íslensku stjórnarskránni?

- Þjóðaratkvæðagreiðsla um tillögur stjórnlagaráðs 20.okt
- Tillögur um gerbreytt mannréttindaákvæði.
- Áhersla á frelsið til safna og miðla upplýsingum og óheftan aðgang að upplýsingatækni(14. 15. og 16. gr.)
- 71. gr. um friðhelgi einkalífs eitt fárra ákvæði sem stendur óbreytt (11. gr. tillagna)
- Hvergi minnst á persónuvernd.
- Skortir tillit til þess að upplýsingafrelsið hefur tvær hliðar.
- Finna þarf jafnvægi á milli samfélagshagsmuna af frjálsri upplýsingamiðlun og þeirra mannréttinda að njóta friðar um einkalíf sitt.